

Norðurhjari – ferðaþjónustusamtök

Ársskýrsla 2024

(1. janúar – 31. desember 2024)

Tilgangur félagsins er að:

- efla ferðaþjónustu á svæðinu frá Kelduhverfi að Bakkafirði.
- leggja sitt af mörkum til að skapa og byggja upp ímynd svæðisins, m.t.t. sérstæðrar náttúru og sveita- og strandmenningar.
- auka búsetugæði á svæðinu.

Aðalfundur var haldinn í byrjun mars á North East á Bakkafirði og var hann vel sóttur.

Þar voru kosin í stjórn:

Sigríður Jóhannesdóttir, Ágústa Ágústsdóttir, Björn Víkingur Björnsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Þórir Örn Jónsson, Sunna Guðrún Pétursdóttir og Reimar Sigurjónsson.

Eftir fundinn kynnti Þórir starfsemi North East á Bakkafirði.

Stjórnin hélt 6 fundi á árinu, allt fjarfundir.

Norðurhjari tók þátt **Mannamóti** sem var haldið um miðjan janúar 2024 í Kórnum í Kópavogi. Sunna Guðrún Pétursdóttir stjórnarkona vann á básnum með verkefnasjóra. Mannamótið er ódýr og einfaldur vettvangur til kynningar, en það er á vegum markaðsstofa landshlutanna þar sem ferðaþjónustuaðilar á landsbyggðinni kynna þjónustu sína fyrir ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum á höfuðborgarsvæðinu. Mótið hefur verið haldið í rúm tíu ár og greinilega aukinn fjöldi erlendra ferðaskrifstofa sem mætir.

Auk þess að Norðurhjari hefur verið þar frá upphafi, höfum við hvatt og stutt einstök fyrirtæki af svæðinu til að vera með sín eigin kynningarborð á Mannamótinu.

Á útmánuðum voru haldin **námskeið** fyrir aðila Norðurhjara í notkun Canva, sem er forrit til að búa til auglýsingar og margt fleira. Haldið var eitt fjarnámskeið og eitt staðarnámskeið. Þökkum Nönnu Steinu sem kenndi á námskeiðunum.

Allt árið er reynt að miðla til aðila innan samtakanna öllu framboði af fyrirlestrum, námskeiðum og viðburðum sem geta komið þeim að gagni.

Í apríl rifjuðum við upp gamalt og gott verkefni sem var að fara í **kynnisferð** innan svæðis og heimsóttum við ferðaþjóna í Kelduhverfi og kynntumst ýmsum skemmtilegum verkefnum þar. Sextán manns tóku þátt í ferðinni. Þessar ferðir eru í senn fróðlegar og skemmtilegar, þær auka kynni fólks innan svæðis og miðla upplýsingum um þjónustu, ýmis verkefni og jafnvel það sem er í bígerð.

Í byrjun sumars var **þjónustubók** Norðurhjara uppfærð en þar eru upplýsingar um alla þjónustu fyrir ferðamenn á svæði Norðurhjara. Eins og áður var hún nær eingöng send rafræn, þar sem fólk hefur hana í sínum og á skjám. Henni var dreift til allra aðila innan Norðurhjara, einnig til upplýsingamiðstöðva í nágrenninu á norður- og austurlandi. Hún hjálpar okkur að benda hvert á annað og upplýsa ferðamanninn um hvað er í boði á svæðinu. Hver gerir það ef við gerum það ekki sjálf?

Frá því snemma árs 2024 vann Markaðsstofa Norðurlands að svokallaðri **greiningarskýrslu** fyrir Norðurhjarasvæðið, með styrk úr sóknaráætlun Norðurlands. Farið var í gríðarlega upplýsingaöflun og greiningarvinnu um svæðið og sett fram aðgerðaáætlun. Í vinnuhópi voru auk Markaðsstofunnar fulltrúar frá Norðurlingi, Langanesbyggð, SSNE og Norðurhjara. Haldnir voru opnir netfundir þar sem allir gátu haft áhrif á niðurstöður. Greiningarskýrslan liggur nú inni á heimasíðu Markaðsstofunnar og SSNE og er fólk hvatt til að kynna sér hana.

Norðurhjari tók þátt í **Vestnorden** ferðakaupstefnunni sem haldin var í Þórshöfn í Færeyjum í lok september 2024. Við vorum þar með tvöfaldan bás og tvöfaldar fundabókanir og unnu þar saman verkefnastjóri og Jóhanna Magnúsdóttir stjórnarkona Norðurhjara. Vel gekk að bóka fundi, áhugi var mikill og greinilegt að ferðaskrifstofur eru fúsar að horfa til svæðisins okkar og fræðast um það. Samtals voru haldnir rúmlega 50 fundir með ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum. Reynt var að velja viðmælendur sem henta okkar svæði og einnig var reynt að ná tali af ferðaskrifstofum á áfangastöðum í Evrópu þaðan sem flogið er beint til Akureyrar. Einnig vorum við nestaðar með upplýsingum um hafnir á svæðinu og hittum nokkur skipafélög skemmtiferðaskipa.

Eftir að heim komið voru öllum viðmælendum sendar upplýsingar um svæðið, um þjónustu, samgöngur, helstu segla og náttúruperlur, og margir fengu sérsniðna pósta eftir óskum og áhuga. Einnig var reynt að koma á beinni tengingu milli aðila innan Norðurhjara og ferðaskrifstofa með sérstakar óskir, sem aðilar hafa vonandi nýtt sér. Viðbrögð við þessum póstum hafa verið góð. Vestnorden ferðakaupstefnan er hluti af norrænu samstarfi og gengur út á að kynna Grænland, Ísland og Færeyjar.

Næsta haust verður hún haldin á Íslandi, nánar tiltekið á Akureyri í lok september og þangað stefnir Norðurhjari. Í tengslum við það ættum við að hafa tækifæri til að setja upp **kynnisferð** um svæðið fyrir áhugasamar ferðaskrifstofur. Ræðum það betur hér á eftir.

Nokkuð hefur verið unnið að komu skemmtiferðaskipa á svæðið og þá helst að afþreyingu í landi fyrir skip sem er væntanlegt í Þistilfjörð og á Raufarhöfn í fimm skipti næsta sumar. Þetta er lítið skip, farþegar verða líklega undir 200, og hefur verið unnið að vörubróun á Raufarhöfn vegna þess. Þær vörur munu nýtast við ýmis önnur tækifæri líka. Eins og áður þurfum við að ræða hvað við viljum í þessum efnum.

Norðurhjari studdi uppfærslu og endurútgáfu **Ævintýrakortsins** í Langanesbyggð á íslensku og ensku. Þá tók Norðurhjari þátt í jólamarkaði á Þórshöfn, Jólakúlunni, þar sem kynntir voru möguleikar á gjafabréfum í ferðaþjónustu á svæðinu.

Verkefnastjóri sótti á árinu fundi hjá Markaðsstofu Norðurlands til að tengjast Markaðsstofunni og miðla upplýsingum í báðar áttir, hjá Minjaráði Norðurlands þar sem haldið er uppi sjónarmiðum ferðaþjónustunnar og svæðisins. Einnig fundi með ferðaþjónum í Langanesbyggð, með verkefnastjóra Betri Bakkafjarðar, og um komur skemmtiferðaskipa til Þórshafnar og Bakkafjarðar. Sömuleiðis með starsfólki Norðurlings á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Allt árið svaraði verkefnastjóri ýmsum fyrirspurnum, veitti staðbundnar upplýsingar um svæðið til einstaklinga, stofnana og fyrirtækja og sinnti margháttaðu samstarfi eins og áður hefur komið fram.

Norðurhjari naut á árinu framlaga frá sveitarfélögunum á félagssvæðinu og þakkar stuðninginn. Með þessu ári, 2025 rennur út þriggja ára samningur við Langanesbyggð, en við Norðurþing er samið árlega.

Enginn nýr félagi gekk til liðs við okkur á árinu 2024, en tveir aðilar sögðu sig úr samtökunum vegna breyttra aðstæðna. Það var gistiheimilið Hreiðrið á Raufarhöfn vegna eigendaskipta og Nanna Steina vegna breytinga við Deildarána. Félagar eru 26.